

REGLUGERÐ

um (30.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi er felld úr viðauka 4 við reglugerðina:

Efni.	Hámarks magn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Levonorgestrelum Ethinylestradiolum	Töflur. Í hverri töflu levonorgestrelum 0,25 mg, ethinylestradiolum 50 míkrog. Mest 4 stk. handa einstaklingi.	Tetragnon, töflur.	Fylgiseðill samkvæmt ákvörðun lyfjanefndar ríkisins.

2. gr.

Eftirfarandi er bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

Efni.	Hámarks magn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Codeini phosphas Ibuprofenum	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 10 mg/200 mg. Mest 10 stk. handa einstaklingi.	Íbúkód, töflur.	Fylgiseðill samkvæmt ákvörðun lyfjanefndar ríkisins.
Penciclovirum	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 1 túpa eða 20 mg.	Vectavir, krem	Fylgiseðill samkvæmt ákvörðun lyfjanefndar ríkisins.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi 1. nóvember 1998.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. október 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. október 1998 staðfest aðalskipulag Borgarbyggðar 1997-2017.

Staðfestingin tekur til þéttbýlis í Borgarnesi, og næsta nágrenni, en frestað er aðalskipulagsgerð annarra hluta sveitarfélagsins.

Staðfesting þessi nær ekki til svæða umhverfis núverandi og fyrirhugaða legu Hringvegar 1 og er fyrirvari gerður á tilhögun deiliskipulags á þeim svæðum þar til mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram um legu þjóðvegarins.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun mælt með staðfestingu hennar.

Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Borgarness er staðfest var 30. mars 1978.

Umhverfissráðuneytinu, 19. október 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015, Þingvallavegur nr. 36.

Að ósk sveitarstjórnar Þingvallahrepps hefur ráðherra þann 19. október 1998 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015, frá 17. desember 1996, sbr. 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Óveruleg breyting er gerð á legu Þingvallavegar nr. 36.

Lögbundið mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram sbr. úrskurð skipulagsstjóra dags. 22. apríl 1998 og úrskurð ráðuneytis dags. 28. júlí 1998.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Umhverfissráðuneytinu, 19. október 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að lagning ökutækja í Ánanaustum, húsagötu, sé bönnuð annars staðar en í bílastæðum sem liggja þvert á götuna.
 2. að umferð á Ánanaustum, húsagötu, víki gagnvart umferð á Holtsgötu.
 3. að umferð á Ánanaustum, húsagötu, víki gagnvart umferð á Vesturgötu.
- Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. október 1998.

Georg Kr. Lárusson settur.